

Kæru kórstjórar

Hér koma praktískar upplýsingar um nokkur atriði sem allir verða að hafa á hreinu:

Gistiaðstaða

Kársnesskóli er í tveimur byggingum, 300 m milli húsa.

Barnakórar utan af landi gista í Kársnesskóla við Vallargerði og þar verður borðað.

Skólinn er laus kl.15:30 á föstudaginn og getum við tekið á móti ykkur eftir það.

Hver kór fær sína kennslustofu. Allir verða að hafa með sér dýnu og svefnpoka, snyrtidót og kannski einhver aukaföt, sundföt og handklæði og góðan plastpoka fyrir blautu sundfötin,

Umngengi og skipulag í Salnum

Allir hittast svo í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs kl.17:00. Þar eru fatahengi og við biðjum krakkana að fara úr skónum og raða þeim upp við vegginn í anddyri.

Þátttaka á mótinu hefur farið fram úr okkar björtustu vonum og það reynir strax á samvinnu að koma yfir 400 börnum fyrir í 300 manna sal. Vonandi tekst það vel.

Einhverjir sitja á sviðinu. Gott að hafa yngstu kórana niðri en þau eldri uppi. Því miður er ekki pláss fyrir marga foreldra eða aðstoðarmenn.

Setning og upphafsskref

Eftir setningu og samsöng fara landsbyggðarkórarnir (Sveitin) í Vallargerði og borða. Kórarnir af höfuðborgarsvæðinu (Borgin) fara í Kársnesskóla við Skólagerði, finna sína kennslustofu, raða upp borðum og taka það rólega í röskan hálf tíma en fara þá í mat í Vallargerði. Meðan þau matast kemur Sveitin sér fyrir, hver kór í sinni kennslustofu. Best fer á því að geyma allan farangur á borðunum og hafa aðeins dýnur og svefnpoka á gólfinu.

Eftir kvöldmat röltum við aftur upp í Sal, tónlistarhús. Þar verður kvöldvaka þar sem hver kór er beðinn að troða upp með skemmtiatriði, gjarnan söng, í u.þ.b. 5 mínútur. Gerum ráð fyrir að vera búin um 21:30. Þá fer Borgin heim en Sveitin í skólann. allir koma sér sem fyrst í háttinn og hvílast vel.

Morgunmatur er kl.8:00 fyrir Sveitina – ef einhver Borgarbörn vilja líka fá Cheriios og súrmjólk í skólanum þá eru þau velkomin kl.8:45. Best er að kórarnir komi farangrinum sínum fyrir í kennslustofunni sinni við Skólagerði áður en æfingar byrja. Upphitun hefst kl.9:30 í Vallargerði. Eftir það fara hóparnir hver á sitt æfingasvæði og æfa hressir og kátir til kl.11:30.

Æfingasvæði

Hver hópur telur um 140!!!! Það þýðir að allir kórstjórar verða að vera mjög virkir og hjálpast að við að kenna, syngja með og brjóta upp æfingar með t.d. skemmtilegum leikjum eða keðjusöngvum. Því fleiri sem koma að æfingunum því skemmtilegri verða þær fyrir krakkana en það er markmið okkar nr. 1 2 og 3. C hópurinn æfir í tónmenntarstofunni við Vallargerði, B hópurinn í söngsalnum við Skólagerði og A hópurinn í Kópavogskirkju.

Umngengi er mikilvæg

Allir eru beðnir um að fara úr skóm í anddyri kirkjunnar eða í skólunum, raða svo skónum fyrir utan sína kennslustofu eða nota skóhillur í anddyri – ef kennslustofan þeirra er í hinni byggingunni. Notið snagana fyrir yfirhafnir. Við viljum ekki að krakkarnir séu í úlpunum í matsalnum eða á kóræfingum Brýnið fyrir þeim að hengja

alltaf upp úlpurnar og raða skónum. Brýnið líka fyrir þeim að láta allt dót í kennslustofunum, námsgögn, tölvur, myndir á veggjum, spil o.þ.u.l. í friði.

Veður

Við vorum búin að reikna með að grilla úti á skólalóðinni en því miður er spáin ekki mjög góð og er gert ráð fyrir rigningu. Það getur sett strik í alla þá útivist og leiki sem við vorum búin að skipuleggja og því er gott að kórarnir skipuleggi sig fyrir einhverja inniveru. Takið með ykkur spil, bækur eða einhverja afþreyingu.

Afþreying

Eftir æfingar á laugardaginn kl.13:30 – 15:30 fá allir hressingu og fara svo í sund. Eftir kvöldmat hjálpumst við að svo kvöldið verði skemmtilegt. Hver kórstjóri ber ábyrgð á sínum kór og hefur frumkvæði að afþreyingu ef þess gerist þörf. Við ætlum að sýna dvd í samkomusalnum við Skólagerði en í Vallargerði verður frjáls samvera með söng og einhverjum uppákomum og eru framlög gesta vel þegin.

Nammi – símar og græjur

Við mælum ekki með því að krakkar séu með rándýrar græjur á svona stóru móti – en við bönnum það ekki. Það verður alfarið að vera á ábyrgð eigandans. Ég biðst undan því að krakkarnir séu með tyggjó í skólanum og ef þau eru með nammi þá verði það borðað í heimastofunni. Það er hið besta mál ef kennarar vilja hafa notalega stund í sinni stofu með sínum kór og bjóða upp á eitthvað sér.

Sunnudagurinn

Á sunnudaginn verður morgunmatur frá kl.7:30 – 9:00. Gott er að nota tímann og pakka saman dýnum og svefnpokum. Svo verða æfingar og hádegisverður samkvæmt dagskrá. Áður en lokaæfingar hefjast biðjum við alla að ganga frá kennslustofunni sinni, sópa ef þess er þörf og skila henni eins fallega og þið komuð að henni. Þetta er mjög mikilvægt og bið ég ykkur að hjálpa okkur svo engir kennarar í Kársnesskóla þurfi að verða fúllir á mánudagsmorgni.

Tónleikar verða í Salnum kl.15:00. Því miður getum við ekki byrjað fyrr því húsið var bókað fyrir ári undir borgaralega fermingu. Við munum ekki auglýsa þessa tónleika sakir plássleysis en ef einhverjir aðdáendur eru mjög spenntir að koma og hlusta á krakkana þá reynum við að hafa laus sæti uppi. Hóparnir(A B og C) skiptast á að biða frammi eftir að röðin komi að þeim, en í lokasöngnum troðum við okkur eftir bestu getu í salinn. Við viljum helst ekki fara í íþróttahúsin. Okkar hús í Kársnesskóla er gjörsamlega hljóðeinangrað og þar eru engin áheyrendasæti og hin húsin í bænum eru svo stór að við þyrftum að leiga rándýrt kerfi til að hljóma eitthvað.

Það hefur verið markmið okkar og stjórnar TKÍ að hafa þátttökugjöldin eins lág og kostur er. Því eru t.d. ekki prentaðar bækur og lítið um sælgæti og ENGIN aðkeypt þjónusta. Þetta er samvinnuverkefni þar sem allir verða að hjálpast að. Ég verð sjálf með um 80 börn á mótinu, þar af 30 orkumikla stráka - sem eru rífandi spenntir að hitta stelpurnar úr hinum kórnum.

Hlökkum til að hitta ykkur öll! Tóta